

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 16. desember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Breiðarsvæðis á Akranesi, vegna lóðarinnar nr. 25a við Vesturgötu.

Breytingin felst í stækkun lóðarinnar og jafnframt er skilgreind aðkoma að lóðinni.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 2. janúar 2004.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir**, skipulagsfulltrúi Akraness.